


OECD *Multilingual Summaries* OECD Pensions Outlook 2016

Summary in Icelandic



Read the full book on: [10.1787/pens_outlook-2016-en](https://doi.org/10.1787/pens_outlook-2016-en)

Horfur OECD í lífeyrismálum 2016

Útdráttur á íslensku

Lífeyriskerfi í öllum löndum OECD standa enn frami fyrir þeim vanda sem leiðir af aldurshækkunum, fjárhags- og efnahagskreppunni og efnahagsumhverfi sem einkennist af lélegum hagvexti og lágum vöxtum. Í þessu horfum OECD er haldið áfram rannsóknum stofnunarinnar á því hvernig lífeyriskerfi eru að bregðast við þessum vanda.

Eðli fullfjármagnaðs einkalífeyris er að breytast og vægi séreignarsjóða og eigin lífeyrissparnaðar einstaklinga er að aukast

Áskoranirnar sem lífeyriskerfi standa frammi fyrir hafa kallað á umbætur, sem leitt hafa til aukinnar fjölbreytni í lífeyrismálum víða í löndum OECD og aukins vægis kerfa þar sem eignir standa undir lífeyrisgreiðslum, einkum úr séreignasjóðum, þar sem lífeyrisgreiðslur eru tengdar virði fjárfestingareigna. Með séreignarsjóðum næst skýr og einföld tenging milli iðgjalda og lífeyrisgreiðslna en mest af áhættunni (t.d. fjárfestingar- og langlífisáhætta) flyst yfir á einstaklingana sjálfa og þar með bera þeir aukna ábyrgð á umsjóninni með starfslokum sínum.

Til þess að skilja þessar breytingar á landslaginu og greina á milli mismunandi lífeyriskerfa er mikilvægt að líta á einkenni kerfanna, t.d. hvort um er að ræða skylduaðild, hvernig lífeyrisgreiðslur eru fjármagnaðar, hver stjórnar þeim, hver þáttur atvinnurekenda er, hvert er samhengi iðgjalda og lífeyrisgreiðslna og hver ber áhættuna.

Í horfunum er einnig beint sjónum að því hvernig þessar breytingar falla að opinberri stefnumótun og er niðurstaðan sú að breytingarnar séu í samræmi við helstu tilmæli OECD um að auka fjölbreytnina í þeim leiðum sem notaðar eru til þess að fjármagna eftirlaunagreiðslur; einnig er fjallað um stuðningshlutverk fullfjármagnaðra lífeyrisgreiðslna. Aukið vægi séreignasparnaðar veldur því að bráðnauðsynlegt er að bæta útfærslu þeirra í samræmi við Vegvísi OECD um æskilega útfærslu séreignalífeyrissjóða (OECD Roadmap for the Good Design of DC Pension Plans). Hér á eftir fer nokkur umfjöllun um sumar þessara leiðbeininga um opinbera stefnu.

Í flestum löndum OECD er skattaleg meðferð lífeyrissparnaðar þannig að því fylgja ívilnanir ef fólk sparar til efri árunna

Í flestum löndum fylgir því skattalegt hagræði að leggja fyrir fé til efri árunna og er sú tilhögun ætluð til þess að hvetja fólk til að spara til eftirlaunaáranna. Ef reiknuð er sú fjárhæð sem einstaklingur mundi spara með því að greiða í séreignalífeyrissjóð í stað þess að leggja sömu fjárhæð í aðrar fjárfestingar bendir niðurstaðan til þess að skattaleg meðferð lífeyrissparnaðar leiði í raun til skattalegs hagræðis. Umfang hagræðisins er hins vegar breytilegt. Flatar niðurgreiðslur og móttframlög má nota til þess að beina skattalegu hagræði að lágtekjuhópum eða til þess að jafna út skattalega hagræðið yfir allan tekjuskalann.

Með skattalegum ívilnunum má hvetja fólk til þess að spara lengur, en ekki endilega til þess að spara meira. Einfaldar og auðskiljanlegar skattareglur kunna að auka tiltrú almennings og stuðla að aukinni þátttöku í lífeyrissparnaði og auknum framlögum.

Stefnumótendur þurfa að tryggja að neytendur fái viðeigandi fjármálaráðgjöf um starfslok

Þörf er á ráðstöfunum til þess að taka á hagsmunaaðrekstrum hjá fjármálaráðgjöfum og leitast við að tryggja að neytendur fái ráðgjöf um starfslok sem hæfir þörfum þeirra. Hins vegar geta síkar ráðstafanir hugsanlega leitt til þess að gloppur myndist og að ráðgjöf verði dýrari og óaðgengilegri, einkum fyrir neytendur með lítinn eða hóflegan lífeyrissparnað. Með tæknilausnum væri hægt að auka aðgengi að ráðgjöf og gera hana ódýrari, auk þess að komast framhjá hugsanlegri hlutdrægni ráðgjafa. Stefnumótendur þurfa þó að tryggja eftirlit, þannig að allir njóti sömu neytendaverndar.

Stefnumótendur þurfa að tryggja að lífeyristryggingarkerfi séu sjálfbær og að þau hæfi neytendum

Lífeyristryggingar geta gegnt mikilvægu hlutverki og hjálpað einstaklingum að draga úr fjárfestingar- og langlífisáhættu. Slíkar afurðir og ábyrgðir sem þeim tengjast fela þó í sér áskoranir. Misræmið varðandi hver merking orðsins lífeyristryggingar er í raun og hugtakanna sem notuð eru til þess að lýsa hinum mismunandi tegundum afurða kallar á að tekið verði upp samræmt tungumál í þeim efnum. Þörf er á skýru regluverki um fyrirkomulag starfslokaráðstafana sem nær yfir afurðir á sviði lífeyristrygginga og hvetur til notkunar þeirra. Þessar afurðir verða hins vegar sífellt flóknari og undirstrikar það þörfina á viðeigandi ráðgjöf og skiljanlegum upplýsingum um þær til þess að tryggja að neytendur kaupi þær afurðir sem best henta þörfum þeirra. Með regluverkinu ætti að koma upp tækjum til þess að stýra áhættu og auka hvatningu til áhættustjórnunar í því skyni að stuðla að viðeigandi áhættustjórnun af hálfu þeirra sem selja lífeyristryggingar. Aðferðir sem byggja á almennum meginreglum eru vænlegri til árangurs en fastmótaðar formúlur, þar sem þannig er hægt að laga eignfjákröfur að breytingum sem verða á lífeyrisafurðum og tryggja að fjármagn sé nægilegt til þess að mæta lífeyrisskuldbindingum á varanlegum grunni.

Vel skipulögð fjármálamenntun getur bætt fjármálaþekkingu fólks, viðhorf og færni til þess að skipuleggja starfslok og hjálpað til við ákvarðanatöku

Lélegt fjármálalæsi veldur alvarlegum vandkvæðum þegar einstaklingar bera í auknum mæli ábyrgð á skipulagningu eigin starfsloka. Innleiða ætti áttak til uppfræðslu varðandi skipulagningu starfsloka og taka í þeim efnum mið af landsbundnum aðstæðum og þeim sérstöku vandkvæðum við skipulagningu starfsloka sem leiða af muninum sem er á lífeyriskerfum milli landa og af fjármálaumhverfinu. Stjórnvöld og aðrir hagsmunaaðilar ættu að tryggja að upplýsingar um lífeyriskerfi, umbætur á lífeyriskerfum og séreignalífeyrissparnað séu aðgengilegar, skýrar og ekki yfirþyrmandi flóknar fyrir einstaklinga. Upplýsingar um kostnað, ávöxtun, þjónustugæði, fjárfestingarstefnu og áhættustig ættu að vera samanburðarhæfar og staðlaðar. Upplýsingar um heildarlífeyrissparnað einstaklinga ætti að sameina og yfirlitum yfir lífeyrissparnað ætti að fylgja reiknivél eða hermilíkön til þess að upplýsingagjöfin skili hámarksárangri. Koma ætti á fót landsbundnum uppfræðsluáætlunum til þess að tryggja að fólk geti tileinkað sér almenna fjármálafærni. Að auki eru til nýtsamleg tæki fyrir stefnumótendur, svo sem þarfagreiningar vegna fjármálauppfræðslu og tæki til þess að styðja við ákvarðanatöku um starfslokamál og gátlisti.

Í flestum löndum hefur verið unnið að því að samræma lífeyriskerfi opinberra starfsmanna og starfsfólks í einkageiranum

Í helmingi landa OECD eru framtíðargreiðslur lífeyris, mældar sem bótahlutfall, um 20 prósentustigum hærri að lokinni fullri starfsævi hjá opinberum starfsmönnum en hjá fólki sem vinnur í einkageiranum. Meðal þeirra landa eru Belgía, Frakkland, Þýskaland og Kórea, þar sem lífeyriskerfin eru aðskilin. Í fjórðungi þessara landa til viðbótar, sem samræmt hafa lífeyriskerfi sín frá 1990, er enn uppsafnaður

kostnaður vegna eldri skuldbindinga. Samræmt lífeyrisherfi sem allt vinnandi fólk á aðild að gæti stuðlað að margvíslegum ávinningi. Eignamegin er erfitt að færa rök fyrir því á okkar tímum að hjá opinberum starfsmönnum og öðrum sem starfa á vegum hins opinbera þurfi greiðslur sem koma í stað launa við starfslok að vera hærri en hjá starfsfólki einkafrekinnna fyrirtækja. Að því er varðar hagræði má nefna að gera má ráð fyrir verulegri stærðarhagkvæmni ef lífeyrissjóðir væru sameinaðir, t.d. varðandi innheimtu iðgjalda, skjalahald og útborgun lífeyris. Ennfremur eru hömlur á hreyfanleika milli starfa hjá hinu opinbera og í einkageiranum óhagkvæmar (t.d. vegna mismunandi tíma sem tekur að ávinna sér réttindi eða takmarkana við flutningi réttinda) þar sem þær skerða möguleika einstaklinga til þess að hafa stjórn á eigin ævistarfi og getu þeirra til þess að laga sig að nýjum starfsvettvangi og atvinnutækifærum. Sameiginlegt lífeyrisherfi mundi auðvelda val í þeim efum og greiða fyrir hreyfanleika á vinnumarkaði.

© OECD

Þessi útdráttur er ekki opinber OECD þýðing.

Eftirprentun þessa útdráttar er leyfileg, að því tilskildu að getið sé höfundarréttar OECD og titils upprunalegu útgáfunnar.

Fjöltýngdir útdrættir eru þýdd á grip af útgáfum OECD sem upphaflega voru gefnar út á ensku og frönsku.

Þeir eru fánlegir án endurgjalds í netbókaverslun OECD www.oecd.org/bookshop

Hafið samband við Réttinda- og þýðingareiningu OECD, framkvæmdanefnd fjölmiðlunar og almannamálefna ef frekari upplýsinga er þörf hjá: rights@oecd.org eða með faxi: +33 (0)1 45 24 99 30.

OECD Rights and Translation unit (PAC)

2 rue André-Pascal, 75116

Paris, France

Heimsækið vefsíðu okkar www.oecd.org/rights



[Read the complete English version on OECD iLibrary!](#)

© OECD (2016), *OECD Pensions Outlook 2016*, OECD Publishing.

doi: 10.1787/pens_outlook-2016-en